

## 2. gr.

Í stað dagsetningarinnar 20. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994 og 493/1994, komi 15. október.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 4. janúar 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUR

### um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991.

## 1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Íslenska dansflokksins og einn þeirra formann. Skipunartími stjórnarinnar er tvö ár.

## 2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

*Menntamálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

#### 1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til áður nefndra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1996, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

#### 2. Bifreiðahlunnindi.

##### 2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, skutbifreið (station) eða jeppa-bifreið, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umræða, skulu metin